

5. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér greinir:

Fyrir janúar—mars 1. apríl.

Fyrir apríl—júni 1. júlí.

Fyrir júlí—desember 1. október.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga. Heimilt er að taka dráttarvexti af gjaldföllnum hitaveitugjöldum 2% á mánuði.

6. gr.

Hitaveitu Laugaráss er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld sín. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 14 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 400.00 hverju sinni.

9. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stillikrönum, hemlum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss frá 20. nóv. 1972 ásamt síðari breytingum á henni.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 og reglugerð nr. 259 27. ágúst 1974 um Stýrimannaskólann í Reykjavík eru hér með settar eftirfarandi reglur um prófkröfur og tilhögun á prófum:

I. KAFLI
ÁKVÆÐI ÝMISLEGS EFNIS

1. gr.

Skipstjóraþróf 1. stigs skal halda í mars—apríl mánuði ár hvert. Skipstjóraþróf 2. og 3. stigs skulu haldin í maí mánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji einhver ganga undir þau próf er um getur í 1. gr., án þess að hafa stundað nám við skólann, skal senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður og skulu beiðninni fylgja vottorð um:

1. að hann fullnægi inntökuskilyrðum 1. bekkjar,
2. að hann hafi lokið IV. stigs sundprófi.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu próftakar mæta í Stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna og heimilt er að hafa í prófinu.

4. gr.

Við skipstjóraþróf 1., 2., 3. og 4. stigs skal, auk kennarans sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tilögum skólastjóra. Við próf í siglingafræði skulu þó vera tveir prófdómarar.

Próf úr undirbúningsdeild skal haldið af kennurum skólans.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómarar skulu samþykkja prófverkefnin, hver í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnum vera í svo mörgum eintökum að minnsta kosti hver próftaki fái eitt.

6. gr.

Við skrifleg próf fá allir próftakar, sem ganga undir sams konar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram hve margar einkunnir séu gefnar fyrir verkefnið svo og hve langur tími veitist til úrlausnar.

7. gr.

Nú þykir próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanns.

8. gr.

Skólastjóri ræður eftirlitsmenn við skrifleg próf. Prófdómarar hafa rétt til eftirlits. Meðan á skriflegu prófi stendur mega engir aðrir en próftakar, skólastjóri, hlutaðeigandi kennarar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á að engum brögðum sé beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu.

Óheimilt er próftaka að veita eða þiggja hjálp við próf og getur það varðað brottvisun frá prófi á því námsári.

9. gr.

Nú mætir próftaki ekki til prófs eða gengur frá prófi og kennir sjúkleik um en sannar síðar með læknisvottorði að hann hafi verið sjúkur og má þá prófa hann í því sem hann átti ótekið próf í jafnskjótt og því verður við komið á sama próftíma.

10. gr.

Sannist það að próftaki hafi hegðað sér ósæmilega við prófið má vísa honum frá prófi.

11. gr.

Áður en prófið byrjar skal samin próftafla og fest upp í Stýrimannaskólanum, minnst einni viku áður en próf byrja. Skulu prófdómarar og próftakar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnleg verkefni skulu vera tveimur fleiri en próftakar. Við prófið dregur hver próftaki sitt verkefni. Próftakar skulu prófaðir eftir stafrófsröð.

13. gr.

Við einkunnagjöf skal notaður einkunnastigi frá 0 til 10 í heilum og hálfum bilum. Við einkunnagjöf á prófi skal taka tilliti til frammistöðu nemandans um veturinn að dómi kennara.

II. KAFLI NÁMSEFNI TIL PRÓFS

14. gr.

Undirbúningsdeild.

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur*: Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum, jákvæðum og neikvæðum. Bókstafareikningur. Jöfnur með einum óþekktum. Þriliðu- og hlutfallareikningur. Prósentureikningur og vaxtareikningur. Að hefja upp í veldi og draga út tvíveldisrót (kvaðratrót). Veldisreikningur.
2. *Flatarmálsfræði*: Flatarmál þríhyrninga, reglulegra ferhyrninga og hrings.
3. *Rúmmál*: Rúmmál réttstæðra hluta.

Eðlisfræði (skrifleg):

1. *Aflfræði*: Metrakerfið og tímamælingar. Hreyfing eftir beinni braut. Jafn og ójafn hraði, hröðun. Gerð efnis. Frumeindir og sameindir. Rafeindaskipan. Jónir. Massi og eðlismassi (eðlisþyngd).
Kraftur, samsetning og sundurliðun krafta, vogarstöngin. Þyngdarlög-málið. Hringhreyfing. Vinna og orka, afl.
2. *Vökvar og lofttegundir*: Einkenni fastra, fljótandi og loftkenndra efna. Þrýstingur í vökvum. Lögmál Arkimedesar. Þrýstingur lofttegunda. Lögmál Boyle Mariottes.
3. *Varmi*: Þensla við hitun. Hitamæling. Straumar í vökvum. Varmaleiðni, varma-geislun. Varmi og eðlisvarmi. Bráðnun og storknun. Gufun og þétting. Suða. Varminn sem ein mynd orku.

Íslenska (skrifleg):

Nemendur skulu læra íslenska rétttritun og undirstöðuatríði íslenskrar málfræði, einkum um þau atríði er stuðla að stafsetningarkunnáttu.

Nemendur skulu þekkja orðflokkanana og kunna skil á beygingum þeirra, hljóðvörp, klofningu, hljóðskipti í sterkum sögnum og allar helstu réttitunarreglur.

Danska (skrifleg og munnleg):

Lesin kennslubók í dönsku handa byrjendum. Kennd undirstöðuatríði danskrar málfræði og beygingar óreglulegra sagna sem koma fyrir í lesefninu. Lögð áhersla á talæfingar og framburð samfellds máls. Stefnt að kunnáttu sambærilegri þeirri sem krafist er til gagnfræðaprófs eða landsprófs.

Enska (skrifleg og munnleg):

Lesin kennslubók í ensku handa byrjendum. Kennd undirstöðuatríði enskrar

málfræði og beygingar óreglulegra sagna sem koma fyrir í lesefninu. Lögð áhersla á talæfingar og framburð samfellds máls. Stefnt að kunnáttu sambærilegri þeirri sem krafist er til gagnfræðaprófs eða landsprófs.

15. gr.

Skipstjórapróf 1. stigs.

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur*: Fyllri þekking á veldi og rót. Jöfnur með tveimur óþekktum stærðum. Notkun reiknistokks. Logaritmar. Fyllri kunnáttu í bókstafareikningi.
2. *Flatarmálsfræði*: Reglulegir marghyrningar, sporbaugur, Pythagorasaregla um rétthyrnda þríhyrninga. Uppdrættir, að finna óþekktu parta í þríhyrningi með uppdrætti, að draga hringboga yfir tilnefnt horn. Ummál hrings, flatarmál hrings og reglulegra hyrninga.
3. *Hornafræði*: Hornaföllin, töflur yfir hornaföllin. Útreikningur á rétthyrndum þríhyrningum með notkun hornafallanna. Sinus-regla um flata þríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd, breiddarmun og lengdarmun, meðalbreidd, afviki, kompáslínum og kompásstrikkum.
2. Kompásinn og notkun hans, miðunartæki, radiómiðarinn, misvísun og halli, segulskekkja og helstu orsakir hennar, kompásmisvísun, hvernig stefnur og miðanir eru leiðréttar fyrir segulskekkju og misvísun eða kompásmisvísun. Segulskekkjutöflur og stýristöflur, notkun þeirra og hvernig þær eru búnaðar til.
3. Sjókort. Gerð sjókorta eftir Mercator-aðferð, mælikvarðar þeirra og línur, hvað standa á í sjókortum og hvernig þau eru notuð.
4. Vegmælar og dýptarmælar. Að leiðrétta stefnur fyrir drift og straumi. Að geta fundið á kortinu komustað þegar kunnur er fararstaður og stefnur þær og vegalengdir sem farnar hafa verið. Að marka stað skipsins á kortið með miðunum, miðum, hornamælingum og fjarlægðarmælingum. Að finna þá stefnu á kortinu sem halda á, leiðrétta hana fyrir straumi og öðrum áhrifum svo að fundin verði sú stefna sem stýra á eftir kompásnum, að finna þá vegalengd sem halda skal og hve langt um líði þangað til komið verður til ákveðins staðar. Leiðarreikningur. Samdráttur. Að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða.
5. Dagbókarhald, tilgangur skipsdagbókar og hversu í hana skal rita. Kunna að finna með sjávarfallatöflum hvenær flóð verður og fjara.
6. Sextanturinn og notkun hans. Mæling horna milli jarðlægra punkta. Notkun hættuhorna bæði láréttra og lóðréttra.
7. Notkun helstu raf- og radiótækja sem notuð eru um borð í skipum. Radar og notkun hans við siglingar og til staðarákvarðana. Skil á Consol, Loran og Decca til staðarákvarðana. Skil á fiskleitartækjum og notkun þeirra.

Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Alþjóðlegar siglingareglur og neyðarbendingar. Þekking á reglum þeim sem fylgja ber til að forðast ásiglingu og á ljósum þeim sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum.
2. Hirðing skipa. Undirstöðuþekking á stöðugleika skipa. Taliureikningur, almennar skipamælingar, hleðsluborð og hleðslumerki. Notkun rekakera, olíu og öryggislína, neyðarstýris. Bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, umbúnaður lestaropa, legufæri, notkun bjarghelta og bjarghringa, björgun manns er dettur útbyrðis.

Kunna að nota almenn hjargtæki við hjörgun úr sjávarháská. Notkun og hirðing gúmmihjörgunarbáta. Brunavarnir.

3. Algengustu hnútar sem sjómenn nota, kunna að ganga frá enda, samsetningu kaðla og víra, vafning kaðla og víra, augasplæs. Setja upp og gera við net.

Eðlisfræði (skrifleg):

1. Fyllri kennsla í námsefni undirbúningsdeildar.
2. *Hljóð og ljós*: Öldulengd, tíðni og útbreiðsluhraði ölduhreyfingar. Hljóðöldur og hljóðhraði. Endurkast hljóðsins. Ljósöldur, útbreiðsla ljóss og hraði. Birta og skuggi. Endurkast ljóss og ljósbrot. Litróf.
3. *Rafmagn*: Rafmagnið og gerð frumeindanna. Rafmögnun við núning. Rafsvið. Rafstraumur. Straummæling. Segulsvið umhverfis rafstraum. Rafspenna, spennumæling, samband straums og spennu. Viðnám, leiðarar og ein-angrarar. Rafhlöður. Rað- og samsíðatengingar raftauga og rafhlaðna. Efna-verkanir og varmamyndun rafstraums. Span og framleiðsla rafmagns í stórum stíl. Gerð ýmissa rafmagnstækja.

Íslenska (skrifleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig að nemendur læri sem flest orðtök er að sjómennsku lúta. Ítarlegri kennsla í réttitun og málfræði en í undirbúningsdeild; merkjasetningu og frumatriði setningafræði. Nemendur skulu þjálfaðir í að skrifa ritgerðir.

Danska (skrifleg og munnleg):

Rifjað upp lesefni IV. bekkjar gagnfræðaskóla eða landsprófsdeildar miðskóla fyrri hluta vetrar. Síðan haldið áfram þar sem því lýkur. Framburður, talæfingar og málfræði. Stíll vikulega, haldið áfram þar sem stílagerð í undirbúningsdeild lauk.

Enska (skrifleg og munnleg):

Rifjað upp lesefni IV. bekkjar gagnfræðaskóla eða landsprófsdeildar miðskóla fyrri hluta vetrar. Síðan haldið áfram þar sem því lýkur. Framburður, talæfingar og málfræði. Stíll vikulega, haldið áfram þar sem stílagerð í undirbúningsdeild lauk.

Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helstu lagaákvæði er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna. Þekking á helstu íslenskum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri og á réttindum og skyldum hans og annarra skipverja, ráðningu og skráningu skipverja.

Heilsufræði (skrifleg og munnleg):

Valdir kaflar úr lækningabókum sjómanna og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.

16. gr.

Skipstjórapróf 2. stigs.

Sama námsefni og til skipstjóraprófs 1. stigs og enn fremur:

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Flatarmálsfræði*: Réttthyrnt hnitakerfi og línurit.

2. *Hornafræði*: Fyllri þekking á hornaföllunum og notkun þeirra til að finna óþekktu parta í flötum þríhyrningum.
3. *Rúmfræði*: Afstaða sléttra flata og beinna lína. Fleirflötungar. Yfirborð hluta. Rúmmál og þyngd.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins. Kanna að finna segulskekkju með viksathugun sólar. Þekking á orsökum hallasegulskekkju. Kanna að finna segulskekkju kompássins með því að snúa skipinu í hring og búa til segulskekkjutöflu. Þekkja undirstöðuatríði kompásleiðréttinga og hvaða tæki eru notuð til þess að leiðrétta kompás.
2. Þekking á leiðarþókhaldi. Þekking á tilgangi leiðarþókar, meðferð hennar og hvað og hversu í hana skal rita.
3. Himingeimurinn, sólkerfið, himinkúlan, punktar og línur á himinkúlunni, sólbrautin. Bauganet á himinkúlunni, tímahorn, deklination, stjörnutímahorn (SHA), asimút og hæð. Daglega hreyfingin, eiginhreyfing sólarinnar, belti jarðarinnar og árstíðir. Mismunandi tímatáknun; lengdarmunur og tímamunur, beltatími og skipstími. Ris- og hvarftími sólarinnar, hágöngutími himinhnattar. Að þekkja helstu reiki- og fastastjörnur.
4. Hæðarleiðréttingar. Að finna breiddina með hæð himinhnattar í hádegisbaug, breiddarákvörðun með Pólstjörnunni. Jafnhæðarbaugar, himinstaðarlínur, sæfaraþríhyrningurinn. Hæðaraðferðin, staðarákvarðanir með samtímis staðarlínum eða með staðarlínum sem ekki eru fundnar samtímis. Segulskekkjuathugun með því að miða himinhnöttinn um leið og hæðin er mæld.
5. Fyllri þekking á helstu raf- og radiótækjum sem notuð eru um borð í skipum. Algengar bilanir og viðhald. Fyllri þekking á radar, Loran-, Consol- og Decca-kerfi. Omega staðarlínukerfi. Fyllri þekking á fiskleitartækjum. Þekking á Gýró-kompás.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

1. Kanna að nota alþjóða-merkjabók, að gefa og kunna að taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum. Þekkja ljós- og hljóð-morsemerki eftir Morsestafrófi, kunna að gefa og taka á móti slíkum merkjum. Notkun radars til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, radar-útsetning (plot).
2. Fyllri þekking á útreikningum er varða stöðugleika skipa. Ferming og afferming skipa.
3. Bátar og notkun þeirra. Tæki til að ferma og afferma skip. Meðferð farms og kjölfestu. Öryggisráðstafanir og útreikningar við skipsströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði. Stjórn og meðferð báta við margs konar kringumstæður, bæði við land og í rúmsjó. Vatn sem kjölfesta. Helstu ráðstafanir og hvers ber að gæta við flutning ýmiss konar farms. Ráðstafanir til björgunar skips og mannslífa við skipsströnd, árekstur og í rúmsjó. Íkveikjuhætta af farmi, eldsvoði, eldvarnir og slökkvitæki.
4. Björgunaræfingar.

Rafmagnsfræði (skrifleg):

Námsefnið skal valið með tilliti til þess að nemendur öðlist skilning á byggingu raf- og radiótækja sem notuð eru um borð í skipum.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í lausu máli og ljóðum. Fyllri þekking á íslenskrí málfraði og setningafræði en til 1. stigs prófs.

Þjálfun í að semja ritgerðir og gera skýrslur er staðan útheimtir.

Danska (skrifleg og munnleg):

Danskir leskaflar eða smásögur. Stílæfingar og málfræðiafingar. Nemendur skulu æfðir í að tala dönsku.

Enska (skrifleg og munnleg):

Enskir leskaflar eða smásögur. Lesinn fyrri hluti Linguaphone Course og kaflar úr Enskri lestrarbók handa sjómönnum. Stílæfingar og málfræðiafingar. Nemendur skulu æfðir í að tala ensku.

Sjóréttur (skriflegur):

Fyllri þekking en til skipstjóraþrófs 1. stigs. Helstu lagaákvæði er varða skip, skipstjórnarmenn og aðra skipverja. Vald skipstjóra og starfsskyldur. Umboð skipstjóra. Sjótjón. Áreksstur skipa. Björgun. Sjóveð. Ábyrgð útgerðar. Sjópróf.

Heilsufræði (munnleg):

Fyllri þekking en til skipstjóraþrófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim. Meðalakistan.

Vélfræði (skrifleg):

Einföldustu atriði mótfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirða og eldsneyti. Hjálparvélar.

Bókhald (skriflegt):

Að kunna það bókhald er skipstjórnarstaðan útheimtir. Helstu atriði tvöfaldrar bókfærslu. Að geta fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rekstrarreikning þess.

Veðurfræði (skrifleg):

Frumatriði veðurfræðinnar. Veðurfregnir og veðurkort. Veðurathuganir.

17. gr.**Skipstjóraþróf 3. stigs.**

Hið sama og til skipstjóraþrófs 2. stigs og enn fremur:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

Jöfnur með þremur óþekktum stærðum. 2. stigs jöfnur. Vektorreikningur. Undirstöðuatriði hnitafræði. Parabólur og hyperbólur.

Napiers-reglur við útreikning á rétthyrndum kúlupríhyrningum. Útreikningur kúlupríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Fyllri þekking á segulskekkju kompassins. Þekking á einstökum þáttum segulskekkjunnar. Þekking á hallaskekkju. Kompásleiðréttingar og þau tæki sem notuð eru til að eyða segulskekkju kompassins. Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.

Þekking á byggingu siglingatækja. Ítarlegri kunnátta í viðhaldi og viðgerð tækjanna. Kunna að nota bilanakort og teikningar. Lorantöflur.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

Vatnshéttar skiljur og tæmingartæki. Skipting skipsins í vatnshétt rúm. Áhrif skráfu og stýris. Stjórn og breyting skipa á höfnum inni, á þröngum siglingaleiðum og í rúmsjó. Helstu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Olfureikningar, áhrif vökva með fríu yfirborði á stöðugleika. Hleðsluþlön. Verkstjórn.

Beiting siglingareglanna við erfiðar aðstæður. Sigling eftir radar með hliðsjón af siglingareglunum. Æfingar.

Æfingar í ljós-morse.

Rafmagnsfræði (skrifleg):

Námsefnið í rafmagnsfræði skal miða að ítarlegri þekkingu á raf- og radiótækjum sem notuð eru um borð í skipum, og skal samræmt sem mest tækjakennslunni.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Frekari þjálfun í lestri íslenskra bókmennta og samningu ritgerða. Fyllri þekking í íslenskrri málfræði, m. a. orðmyndun, orðtök, bragfræði og setningafræði.

Danska (skrifleg og munnleg):

Danskir leskaflar og smásögur, einkum er að sjómennsku lýtur. Stílæfingar og skýrslugerð. Talæfingar.

Enska (skrifleg og munnleg):

Síðari hluti Linguaphone Course. Ensk lestrarbók handa sjómönnum. Lesnar smásögur og hraðlesin skáldsaga. Stílæfingar og talæfingar.

Sjóréttur (skriflegur):

Fyllri þekking en til skipstjóraþrófs 2. stigs. Farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar. Vátryggingar.

Heilsufræði (munnleg):

Fyllri þekking en til skipstjóraþrófs 2. stigs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim. Fæðingarhjálp.

Viðskiptafræði (skrifleg):

Helstu atriði almennrar viðskiptafræði og rekstarfræði. Skipamiðlun (shipping).

Landafræði og veðurfræði (skrifleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helstu meginlanda; Helstu skipgengar ár og fljót; Heimshöfin og helstu siglingaleiðir; Helstu verslunarborgir; Út- og innflutningur; Þekking á helstu loft- og sjávarmælitækjum; Skipting hitans á yfirborði jarðar; Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma; Rafmagn í gufuhvolfinu; Loftþrýstingur; Vindar og lögmál þeirra; Helstu hafstraumar; Sjór og sjávardýpi og ísinn á sjónum.

Vérlitun:

Nemendur skulu sækja námskeið í vérlitun. Skal þeim jafnframt veitt aðstaða til æfinga utan námskeiðstímans.

18. gr.

Skipstjóraþróf 4. stigs.

Stærðfræði (skrifleg):

Radian. Mil. Hnitufræði og gröf. Ýtarlegri kennsla í hornafræði en til skipstjóraþrófs 3. stigs. Jöfnur fyrir beinar línur, hring, sporbaug, hýperbólur og parabólu í hnitakerfi. Diffrun og tegrún.

Siglingafræði (skrifleg):

1. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Grundvallaratriði sjómælinga og sjókortagerð. Flokkun og nákvæmni mælistaða og hvers þer að gæta við val þeirra til nákvæmra staðarákvarðana. Helstu atriði sem gæta verður við staðarákvarðanir við gæslu landhelginnar. Mismunur á gerð sjó- og landakorta.
2. Þekking á leiðréttingu horna, merkja og miðana á jörðunni til að setja út í vaxandi kort.
3. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
4. Ítarlegri þekking á byggingu hinna elektrónisku siglingatækja. Kunna skil á nákvæmnimörkum hinna ýmsu siglingatækja til staðarákvarðana. Útsetningar (plot).

Alþjóðamerki (verklegt):

Leikni í notkun ljós- og hljóðmorse og merkjaflagga. Dulmál (code).

Alþjóðaréttur (skriflegur):

Helstu ákvæði alþjóðaréttar og milliríkjasamninga um landhelgi og úthaf. Íslensk landhelgis- og fiskveiðigæsla. Stjórnskipan og réttarfar. Skýrslugerðir. Tollamál.

Enska (skrifleg og munnleg):

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en til skipstjóraprófs 3. stigs.

Sjómennska (skrifleg):

Vinnustjórn, skipulag, björgun. Kennaranámskeið í slysaþjálp. Notkun ýmissa tækja varðskipa og gæsluflugvéla. Starfsreglur, siðir og venjur.

Eðlisfræði (skrifleg):

Fyllri þekking í almennri eðlisfræði (mekanik), hreyfingarfræði (dynamik) og rafmagnsfræði en til farmannaprófs 3. stigs.

Vopn og verjur (skriflegt):

Almenn þekking á skotvopnum, tundurduflum, sprengjum o. fl., notkun þeirra og vörnum gegn þeim.

Líkamsæfingar:

Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki. Krafist er þeirrar kunnáttu sem nauðsynleg er til þess að geta stjórnað þeim æfingum sem hægt er að viðhafa á skipi. Nemendur séu æfðir í að gefa fyrirskipanir í því er að þessu lýtur, kveðjum og viðeigandi framkomu sem yfirmaður.

III. KAFLI**EINKUNNIR OG SKILYRÐI TIL AÐ STANDAST PRÓF****Fyrirmynd prófvottorða.****19. gr.**

Við próf úr undirbúningsdeild skulu gefnar 5 einkunnir:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í íslensku: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn.

Í dönsku: 1 einkunn fyrir skriflega og munnlega úrlausn.

Í ensku: 1 einkunn fyrir skriflega og munnlega úrlausn.

Við skipstjórpróf 1. stigs skulu gefnar 16 einkunnir:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í siglingafræði: 3 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	4
Í sjómennsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn í alþjóðasiglingareglum og neyðarbendingum, 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn í almennri sjómennsku og 1 einkunn fyrir kunnáttu í sjóvinnu	3
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir	2
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn	1
Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn	1
Í sundi: 1 einkunn fyrir IV. stig	1

Við skipstjórpróf 2. stigs skal gefin 21 einkunn:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	5
Í notkun tækja: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn, 1 einkunn fyrir munnlega og verklega úrlausn	2
Í radarsiglingu: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í merkjagjöfum: 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóðamerkjabókar	1
Í skipagerð: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn	1
Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn	1
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í veðurfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í rafmagnsfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1

Við skipstjórpróf 3. stigs skulu gefnar 23 einkunnir:

Í stærðfræði: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	5
Í tækjum og útsetningum (plot): 2 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir	2
Í skipagerð: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í íslensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í dönsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
Í viðskiptafræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1

<i>Í landafræði og veðurfræði:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í rafmagnsfræði:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
Við skipstjórarárpróf 4. stigs skulu gefnar 12 einkunnir:			
<i>Í stærðfræði:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í siglingafræði og tækjum:</i>	3 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir	3
<i>Í alþjóðamerkjum:</i>	1 einkunn fyrir verklegar úrlausnir	1
<i>Í alþjóðarétti:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í ensku:</i>	2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í sjómennsku:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í eðlisfræði:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í vopn og verjur:</i>	1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í líkamsæfingum:</i>	1 einkunn fyrir hæfni í þessum greinum	1

20. gr.

Til þess að standast próf úr undirbúningsdeild og inntökupróf í 1. bekk þarf minnst 5 í meðaleinkunn.

Til þess að standast skipstjórarárpróf 1., 2., 3. og 4. stigs er krafist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 6.

Í íslensku og skriflegri siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 5 í hverri grein.

Meðaleinkunn í siglingafræði minnst 5.

Meðaleinkunn í skipagerð minnst 5.

Meðaleinkunn minnst 5.

Hæstu og lægstu aðaleinkunnir við skipstjórarárprófin verða því sem hér segir:

Við skipstjórarárpróf 1. stigs: Hæsta einkunn 160 stig, lægsta einkunn 80 stig.

Við skipstjórarárpróf 2. stigs: Hæsta einkunn 210 stig, lægsta einkunn 105 stig.

Við skipstjórarárpróf 3. stigs: Hæsta einkunn 230 stig, lægsta einkunn 115 stig.

Við skipstjórarárpróf 4. stigs: Hæsta einkunn 120 stig, lægsta einkunn 60 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 9 —10

1. einkunn telst meðaleinkunnin 7,5—9

2. einkunn telst meðaleinkunnin 6 —7,5

3. einkunn telst meðaleinkunnin 5 —6

Til þess að öðlast framhaldseinkunn til 2. og 3. stigs er auk þess krafist:

Í stærðfræði minnst 5.

Í eðlisfræði, rafmagnsfræði, dönsku og ensku minnst 4 í hverri grein.

Nemendum, sem falla í einstökum greinum, er heimilt að ganga aftur undir próf í þeim áður en skólinn byrjar að haustinu.

Nemandi, sem hlýtur lægri meðaleinkunn en 5 úr prófinu, getur ekki gengið undir próf aftur fyrr en næsta vor og þá í öllum greinum.

21. gr.

Hver próftaki, er próf hefur staðist, fær prófskírteini er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skírteinið við 2., 3. og 4. stig skal gefið út á íslensku og ensku.

Skírteini skal gefið út eftir þeim fyrirmælum sem hér fara á eftir.

1. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðist

skipstjórapróf 1. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
- siglingafræði	4 —	—
- siglingareglum	1 —	—
- sjómennsku	2 —	—
- íslensku	2 —	—
- sjórétti	1 —	—
- heilsufræði	1 —	—
- eðlisfræði	1 —	—
- dönsku	1 —	—
- ensku	1 —	—
- sundi	1 —	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðist prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19.....

.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 160 stig. Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingareglum minnst	6 stig
- íslensku	10 —
- skriflegri siglingafræði minnst	15 —
- siglingafræði minnst	20 —
- meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 80 stig.	

2. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK
PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðist

skipstjórapróf 2. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
- siglingafræði	5 —	—
- notkun tækja	2 —	—
- radarsiglingu	1 —	—
- merkjagjöfum	1 —	—
- skipagerð	1 —	—
- íslensku	2 —	—
- dönsku	1 —	—
- ensku	1 —	—
- sjórétti	1 —	—
- bókhaldi	1 —	—
- heilsufræði	1 —	—
- vélfræði	1 —	—
- veðurfræði	1 —	—
- rafmagnsfræði	1 —	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðist prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19.....

.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 210 stig. Til þess að standast prófið þarf:

Í íslensku minnst	10 stig
- skriflegri siglingafræði minnst	20 —
- siglingafræði minnst	25 —
- skipagerð minnst	5 —
- meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 105 stig.	

3. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðist

skipstjórapróf 3. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	2 eink.	stig
- siglingafræði	5	—	—
- tækjum og útsetningum (plot)	2	—	—
- skipagerð	2	—	—
- íslensku	2	—	—
- dönsku	2	—	—
- ensku	2	—	—
- sjórétti	1	—	—
- heilsufræði	1	—	—
- viðskiptafræði	1	—	—
- vélfræði	1	—	—
- landafræði og veðurfræði	1	—	—
- rafmagnsfræði	1	—	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðist prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 230 stig. Til þess að standast prófið þarf:

Í íslensku minnst	10 stig
- skriflegri siglingafræði minnst	20 —
- siglingafræði minnst	25 —
- skipagerð minnst	10 —
- meðaleinkunn minnst 5 = aðaleinkunn minnst 115 stig.	

4. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK
PRÓFSKÍRTEINI

N.N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðist

skipstjórapróf 4. stigs

samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
- siglingafræði og tækjum	3	—	—
- alþjóðamerkjum	1	—	—
- alþjóðarétti	1	—	—
- ensku	2	—	—
- sjómennsku	1	—	—
- eðlisfræði	1	—	—
- vopn og verjur	1	—	—
- líkamsæfingum	1	—	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðist prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19.....

.....
skólastjóri.Hæsta einkunn við prófið er 10 stig og hæsta aðaleinkunn því 120 stig.
Til þess að standast prófið þarf 60 stig.

22. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók sem menntamálaráðuneytið löggildir og geymist í Stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers próftaka, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári og frá einkunnum þeim sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ýtarlega skýrslu um prófið. Skólastjóri sér um að prófbókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófskírteinin undirritar skólastjóri einn.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sbr. og reglugerð nr. 259/1974, fyrir skólann, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 22 frá 14. febrúar 1967.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

29. október 1974.

Nr. 361.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Bolungarvík:

1. Þuriðarbraut er aðalbraut frá Þjóðveginum að Hólsárbrú.
2. Aðalstræti er aðalbraut frá Hólsárbrú að Hafnargötu.
3. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Brimbrjótsgötu.
4. Bifreiðastæði eru bönnuð meðfram norðurkanti Vitastígs, milli Miðstrætis og Völusteinsstrætis.
5. Hámarkshraði er 45 km innan bæjarmarka.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Bolungarvík, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Bolungarvík, 29. október 1974.

25. nóvember 1974.

Nr. 362.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 51. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið að fenginni tillögu borgarráðs: